

ALMENN FUNDARGERÐ

Fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

5. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn þriðjudaginn 13. janúar 2026 kl. 15:30 í fundarsal Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings í Laugarási.

Fundinn sátu: Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi) Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða- og Gnúpverjahreppi) og Steinar Sigurjónsson (Grímsnes- og Grafningshreppi).

Trausti Hjálmarsson (Bláskógarbyggð) boðaði forföll og varamaður komst ekki.

Auk þess sitja fundinn Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu sem ritar fundargerð

Mál til afgreiðslu

1. Tillaga að reglum um akstursþjónustu aldraðra

Lögð fram drög að reglum um akstursþjónustu aldraðra.

Bókun:

Nefndin gerir ekki athugasemdir við framlagðar reglur og vísar þeim til aðildarsveitarfélaga SVÁ til umsagnar og frekari afgreiðslu.

2. Tillaga að viðmiðunarreglum vegna einstaklingsstuðnings

Lögð fram drög að viðmiðunareglum vegna einstaklingsstuðnings, félagslegrar liðveislu og persónulegs ráðgjafa fyrir börn.

Bókun:

Nefndin telur mikilvægt að slíkar reglur séu til viðmiðunar vegna einstaklingsstuðnings og gerir ekki athugasemdir við framlagðar reglur og vísar þeim til aðildarsveitarfélaga SVÁ til umsagnar og frekari afgreiðslu.

3. Tillaga að hækkun fjárhagsaðstoðar og breytingum á gjaldskrá

Lagðar fram tillögur um hækkun fjárhagsaðstoðar um 3,9% og breytingar á gjaldskrá velferðarþjónustu fyrir árið 2026. Fagnefnd fór yfir framlagðar tillögur og leggur til eftirfarandi:

Bókun:

- *Fjárhagsaðstoð hækki um 3,9% þannig að grunnfjárhæð hækki úr kr. 214.770 í kr. 223.146. Um leið hækka aðrir kvarðar sem tilgreindir eru í 11. gr. reglna Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um fjárhagsaðstoð.*
- *Stuðningsfjölskyldur í barnavernd og velferðarþjónustu: Greiðsla fyrir sólarhring verði kr. 33.615, var kr. 30.130.*
- *Ferðarþjónusta aldraðs og fatlaðs fólks: Gjald verði óbreytt frá árinu 2025. Þó er lagt til að uppfært verði kílómetragjald þegar gerður er samningur við einkaaðila skv. 2. gr. gjaldskrár.*

SS JR BL
GH KS
AI

- *Stuðningsþjónusta (heimilisþrif): Gjaldið er tekjutengt. Gjaldskrá er skipt í þrjá gjaldflokka:*
 - *Gjaldflokkur 1 = 0 kr.*
 - *Gjaldflokkur 2 = 990 kr.*
 - *Gjaldflokkur 3 = 1396 kr.*

Einnig er lagt til að yfirheiti gjaldskrár verði: Gjaldskrá fyrir stuðningsþjónustu (félagsleg heimþjónusta) hjá Skóla- og velferðarþjónsutu Árnesþings.

Fagnefnd vísar tillögunum til aðildarsveitarfélaga SVÁ til umsagnar og frekari afgreiðslu.

Mál til kynningar

- 4. Undanþága frá skilyrðum um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu**
Lagt var fram bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 14.11.2025, þar sem veitt er undanþága frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu til 28.02.2026. Deildarstjóri velferðarþjónustu greindi frá viðræðum við Ölfus og Hveragerði frá febrúar 2025 og að í september sama ár hafi verið óskað eftir formlegri afstöðu sveitarfélaganna til samstarfs. Bæjarstjórn Ölfuss hefur samþykkt samstarf en málið er enn til vinnslu hjá Hveragerðisbæ.
- 5. Innleiðing farsældar – staða mála**
Deildarstjórar/innleiðingarstjórar SVÁ kynntu stöðu mála við innleiðingu farsældarlaga. Næstu skref eru að ræða við fulltrúa hvers sveitarfélags til að kortleggja þá þjónustu sem til staðar er og hvernig frekari kynningu verði háttað. Í vinnu við innleiðingu farsældar er stuðst við Handbók um innleiðingu farsældar sem gefin er út af Barna- og fjölskyldustofu.
- 6. Farsældarráð á Suðurlandi**
Farsældarráð Suðurlands er svæðisbundið farsældarráð, starfandi á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Verkefnastjóri ráðsins er Arna Ír Gunnarsdóttir.
- 7. Verkefni og verkferlar skólaþjónustu**
Deildarstjóri skólaþjónustu kynnti verkefni og verkferla skólaþjónustu.
- 8. Starfsmannamál**
Deildarstjórar fóru yfir stöðu starfsmannamála.
- 9. Önnur mál**
Næsti fundur fagnefndar verður 14. apríl 2026 kl. 15:30.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 17:40.

SR GH
SS. ~~SS~~
AI 2 B



**Skóla- og
velferðarþjónusta**
ARNESÞINGS

Sigurbára Rúnarsdóttir
Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Steinnur Sigurjónsson
Steinnur Sigurjónsson

Bjarney Vignisdóttir
Bjarney Vignisdóttir

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Anný Ingimarsdóttir
Anný Ingimarsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir
Gunnlaug Hartmannsdóttir